


# Samskiptaleiðir foreldra við skólann

Hafi foreldrar áhuga á því að fá upplýsingar frá skóla barns síns, geta þeir alltaf leitað til aðila innan skólans. Þetta á bæði við ef foreldri hefur áhyggjur af einhverju varðandi barnið og ef foreldri hefur áhuga á því að fá upplýsingar eða ræða við kennara um eitthvert tiltekið mál.


Eðlilegt er að byrja á því að hafa samband við umsjónarkennara en ef um ákveðna námsgrein er að ræða er einnig unnt að hafa samband við viðkomandi faggreinakennara. Séu foreldrar ekki sáttir við úrkomu slíkra samtala geta þeir snúið sér til sérkennara skólans, deildarstjóra, skólahjúkrunarfræðing eða námsráðgjafa þar sem hann er fyrir hendi, eftir því hvers eðlis málið er.

Loks geta foreldrar snúið sér til aðstoðarskólastjóra eða skólastjóra með mál er þeim liggur á hjarta. Skólastjóri getur vísað máli til nemendaverndarráðs, sem svo getur vísað því til sálfræðings skólans en foreldrar geta einnig leitað beint til sálfræðings til að fá upplýsingar og ráðgjöf. Margir skólar eru með ákveðið áfallateymi sem þeir geta ræst eftir þörfum.

Ef vanda ber að höndum eða foreldrar vilja veita eða fá upplýsingar er æskilegt að þeir fari eftirfarandi leiðir:



Ef upp koma mál sem varða bekkinn s.s. bekkjarandann, vinnufrið, einelti, aðbúnað og öryggi barnanna, þá getur bekkjarfulltrúi kallað foreldra saman á fund. Niðurstöður þess fundar t.d. athugasemdir, tillögur eða hugmyndir eru svo lagðar fyrir foreldraráð sem er formlegur vettvangur til að koma sjónarmiðum foreldra varðandi skólhaldið á framfæri við skólann og sveitarstjórn.



Í nýju grunnskólalögnum (47. gr.) er kveðið á um **kæruheimild** í meðferð ágreiningsmála. Ákvarðanir um rétt og skyldu einstakra nemenda sem teknar eru í grunnskólum á grundvelli laganna eru kærarlegar til ráðherra. Um meðferð kærumála fer að ákvæðum stjórnarsýslulaga.

Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélagsins að áður en hægt er að kæra ákvörðun skv. 1. mgr. skuli fyrst beina kæru til skólanefndar eða annars tiltekins aðila innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins. Sé heimild þessari beitt skal sveitarstjórn ákveða hvort þessi kæruréttur eigi við um hluta ákvarðana skv. 1. mgr. eða um þær allar, og þá skal jafnframt tekin afstaða til þess í samþykkt hvort slíkar ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sjálfstætt rekinna grunnskóla í sveitarfélagi, sbr. 43. gr., skuli kærarlegar með sama hætti. Um málsmeðferð á kærustigi innan sveitarfélags fer að ákvæðum stjórnarsýslulaga.